

Inngangur

Fáir hafa verið eins áberandi í fræðasamfélaginu eftir síðari heimsstyrjöld og bandaríski málvísindamaðurinn og heimspekingurinn Noam Chomsky. Samkvæmt *The Arts and Humanities Citation Index* var meira til hans vitnað árin 1980–1992 en nokkurs annars fræðimanns, enda er ekki bara nauðsynlegt að taka tillit til skrifna hans í málvísindum, hugrænni heimspeki og sálfræði heldur einnig í stjórnmálafræði og stjórnmálaheimspeki. Því veldur ekki síst sú gagnrýni sem hann hefur haldið uppi áratugum saman á utanríkisstefnu Bandaríkjanna og hin óvægna greining á markmiðum hennar sem hann hefur sett fram. Það er þessi blanda af fræðilegum skrifum um málvísindi sem hugræn fræði og strangri aðgerðastefnu á stjórnmálasviðinu sem gerir verk Chomskys svona áhugaverð – og manninn mikla ráðgátu. Þeir sem þekkja til verka hans á öðru sviðinu verða stundum furðu lostnir þegar þeir kynnast hinni hliðinni, bæði að því er varðar inntak og aðferðir: Annars vegar setur hann fram formlegar kenningar um tungumálið og líkön af málkunnáttunni og hins vegar skrifar hann hvassa gagnrýni á stjórnmálasviðinu, studda fjölmörgum tilvísunum og gögnum. Sigrún Júlíusdóttir er meðal þeirra sem hafa orðið undrandi á þessum ólíku viðfangsefnum, en hún kynntist fyrst verkum og hugmyndum Chomskys sem aðgerðasinna, eins og fram kemur í kafla hennar í þessu riti.

Þessi bók á að gefa hugmynd um áhrif Chomskys á þeim tveim sviðum sem nú var lýst. Í fyrri hlutanum er fjallað um áhrif hans innan málvísinda sem hugrænna fræða og í þeim síðari um hugmyndir hans á stjórnmálasviðinu. Bókin á rætur að rekja til málstofu eða námskeiðs um Chomsky og hugmyndir hans, en það var haldið við Háskóla Íslands á haustmisseri 2011 þegar skólinn var að halda upp á 100 ára afmæli sitt. Þá var Chomsky heiðursfyrirlesari Hugvísindasviðs (sjá formála Ástráðs Eysteinsonar að þessu riti) og flutti annars vegar fyrirlestur um málvísindalegt efni á námskeiðinu (sjá 1. kafla þessa rits) og hins vegar opinberan fyrirlestur um alþjóðastjórnmál (sjá 13. kafla).

Innan málvísinda bylti Chomsky ríkjandi stefnu í Bandaríkjunum, en hún var byggð á hugmyndum **atferlissinna** (e. *behaviorists*), **formgerðarstefnu** (e. *structuralism*) og **raunhyggju** (e. *empiricism*). Lykillinn að þessu var hinn hvassi ritdómur Chomskys um bók Skinners *Verbal Behavior* (Chomsky

1959, sbr. kafla Jörgens Pind í þessu riti). Með þessu bjó Chomsky í raun til nýja rannsóknarstefnu (e. *paradigm*), þar sem hann endurlífgaði **rökhyggjuna** svonefndu (e. *rationalism*), en hún hafði ekki átt upp á pallborðið um skeið. Í samræmi við hana beindi hann athyglinni að hugarstarfi mannsins og eiginleikum mannshugans og notaði til þess formlegar aðferðir og tilgátusmíð sem voru í meira samræmi við þær stefnur sem einkenndu vísindastörf eftir að Einstein setti mark sitt á þau (sjá 1. kafla í þessu riti). Þessi bylting innan málvísindanna (sjá kafla Höskuldar Þráinssonar í þessu riti) hafði líka áhrif á **hugfræðibyltinguna** (e. *cognitive revolution*) í sálfræði þar sem margir sálfræðingar sneru líka baki við atferlisstefnunni og fóru að leggja meiri áherslu á að rannsaka starfsemi hugans (sjá kafla Jörgens Pind og Árna Kristjánssonar í þessu riti).

Málvísindi Chomskys miða að því að varpa ljósi á þau lögmál hugarstarfsins sem liggja að baki málkunnáttunni eða hinni eðlislægu tilhneigingu mannsins til að tileinka sér tungumál og nota það. Pólitísku skrifin miða hins vegar að því að ‘sýna fram á það sem ætti að vera augljóst hverjum vitibornum manni sem gefur því einhvern gaum’, nefnilega ‘að vald og forréttindi skipta eins miklu máli og hver maður ætti að geta sagt sér sjálfur’ (Chomsky 1986:xxviii). Hvort sem um er að ræða Víetnamstríðið, afskipti Bandaríkjanna af málefnum Suður-Ameríku, viðbrögð Bandaríkjanna við innrásinni í Austur-Tímor eða þá Íraksstríðið hefur Chomsky sýnt fram á hvað Bandaríkjamenn voru í raun að gera. Þar hefur hann t.d. sýnt fram á fullkomið ósamræmi á milli markmiða Bandaríkjanna í orði og raunverulegra gerða þeirra. Hann hefur reynt að skýra hvernig það má vera að borgarar í lýðræðisríki geti verið fullkomlega óvitandi um staðreyndir sem má finna í opinberum gögnum: ‘Almenningur veit ekki hvað er að gerast og veit ekki einu sinni að hann veit það ekki’ (Chomsky og Barsamian 1993:4). Líkan hans af því hvernig áróðri er dreift í lýðræðisríkjum (Chomsky 1989, Herman og Chomsky 1988) er til umræðu í kafla Maríu Kristjánsdóttur í þessu riti.

Ein besta lýsingin á viðfangsefnum og áhugamálum Chomskys er í formála bókarinnar *Knowledge of Language* (Chomsky 1986). Þar segir hann að meginatriðin felist í raun í tveim ráðgátum sem hann kallar annars vegar **ráðgátu Platóns** (e. *Plato’s Problem*) og hins vegar **ráðgátu Orwells** (e. *Orwell’s Problem*). Ráðgáta Platóns felst í því að ‘skýra hvernig við vitum svona mikið þrátt fyrir fátækleg gögn’ (Chomsky 1986:xxv): Við sjáum litríkan og þrívíðan heim í kringum okkur en sjónskynjunin er samt ekki gefin fyrirfram, ef svo má segja, heldur ræðst hún af því hvernig mannsheilinn vinnur úr upplýsingum frá skilningarvitunum og býr sér til sérstaka (og sér-mannlega) mynd af umheiminum (sjá kafla Árna Kristjánssonar í þessu riti). Á svipaðan

hátt tileinka börn sér undrafljótt flókið málkerfi sem þau fá þó aðeins brota-kenndar, tilviljanakenndar og oft villandi vísbendingar um (sjá kafla Sigríðar Sigurjónsdóttur). Af þessu dregur Chomsky þá ályktun að mannskepnan hafi sérstakan erfðabundinn hæfileika til þess að vinna úr gögnum af ákveðinni gerð á tiltekinn hátt. Þetta er eitt af grundvallarsjónarmiðum rökhyggjunnar, þ.e. að mannskepnan sé fædd með sérstakan hugbúnað (e. *mental faculties*) sem gerir henni kleift að skynja og skilja umhverfi sitt á tiltekinn hátt. Hugurinn er ekki bara óskrifað blað (e. *blank slate*, l. *tabula rasa*) sem fyllist smám saman vegna tiltekinna viðbragða við áreitum í umhverfinu.

Sú hugmynd að málið eigi sér rætur í sálarlífi einstaklingsins og þróist á svipaðan hátt og líffæri, háð erfðabundinni forskrift, felur í sér að rannsókn þess verður fremur á sviði náttúruvísinda eða líffræði en menningarfræða. Þessi afstaða er gagnrýnd í kafla Kristjáns Árnasonar, en hann hallast fremur að þeirri nálgun sem Halliday hefur fært rök fyrir og er oftast kölluð *systemic functional grammar* á ensku. Kristján bendir á að málvísindi Hallidays séu ein grein á meiði fúnksjónalisma eða **virknihyggju** (e. *functionalism*). Afstaða Hallidays felur í sér að litið er á tungumálið sem félagslegt táknerfi, menningarlega sameign sem einstaklingar geta nýtt sér. Áhersla Chomskys á sálfræðilegu hliðina – eða ‘innra mál’ einstaklingsins andstætt ‘ytra máli’ í síðari skrifum (sjá kafla Höskuldar Práinssonar) – hefur líka áhrif á það hvers konar gögn er hægt að nýta til þess að þróa kenningar um eiginleika málkerfisins. Chomsky hefur t.d. löngum verið vantrúaður á gildi textasafna eða gagnasafna (e. *text corpora*) sem hjálpartækja við greiningu manlegs máls. Eiríkur Rögnvaldsson fjallar um þessa tortryggni í sínum kafla og sýnir hvernig málvísindamenn sem starfa í anda Chomskys hafa á síðari árum öðlast nýja trú á gagnasöfn sem nýtileg tæki við formlegar málfræðirannsóknir.

Tilgátan um að málinu megi líkja við erfðafræðilega skilyrt líffæri (kenningin um meðfæddan málhæfileika) felur í sér skýra aðgreiningu milli manna og annarra dýra, þar á meðal mannapa eða prímata, að því er varðar málhæfileika og meðfædda tilhneigingu til máls. Gagnrök gegn þessari hugmynd eru reifuð í kafla Gísla Pálssonar. Önnur hlið á þessu máli er hvort menn tileinki sér fyrsta mál (‘móðurmál’, e. *native language*) á sama hátt og annað mál eða síðari mál. Nýtist meðfæddi málhæfileikinn eða meðfædda málþekkingin þeim sem eru að tileinka sér annað mál eða hafa menn ekki aðgang að þessum hjálpargögnum nema á tilteknu þroskaskeiði? Birna Arnbjörnsdóttir ræðir þessa spurningu í sínum kafla í tengslum við áhrif kenninga Chomskys á rannsóknir á öðru máli.

Kenningin um meðfæddan málhæfileika eða málþekkingu hefur líka

áhrif á rannsóknir á algildismálfræði. Ef mannskepnan hefur hæfileika til að tileinka sér mál á fyrirfram ákveðinn hátt mætti búast við að tungumál heimsins hefðu einhver algild einkenni. Hins vegar virðast tungumál í fljótu bragði ákaflega margbreytileg. Þórhallur Eypórsson og Jóhannes Gísli Jónsson ræða **algildismálfræði** (e. *Universal Grammar*) og **málgerðafræði** (e. *typology*) í sínum köflum.

Ráðgáta Orwells er andstæðan við ráðgátu Platóns, þ.e. ‘að skýra hvernig á því stendur að við vitum svona lítið þótt við höfum svona miklar upplýsingar’ (Chomsky 1986:xxv). Þetta er sérstaklega merkilegt þegar þess er gætt hversu mikið er til af opinberum upplýsingum í lýðræðisríkjum, að ekki sé minnst á það að hinn almenni borgari í lýðræðisríki hefur góða tilfinningu fyrir fjárhagslegum og félagslegum þörfum sínum. Hvernig má það þá vera að þeir sem hafa völdin og njóta forréttinda í lýðræðisríkjum geti ‘innrætt fólki skoðanir sem það heldur fast í og hafa almenna útbreiðslu þótt þær eigi ekki við nein rök að styðjast og séu oft beinlínis í andstöðu við staðreyndir sem blasa við í kringum okkur’ (Chomsky 1986:xxvii) og þjóna aðeins hagsmunum fárra útvalinna og ekki hins almenna borgara? Guðni Elísson ræðir svör Chomskys við ráðgátu Orwells og tengir þau við gagnrýni hans á menntamenn póstmódernismans og hugmyndir hans um samfélagslegt hlutverk hins gagnrýna menntamanns. Á svipuðum nótum ber Sigrún Júlíusdóttir saman pólitísk skrif Chomskys og Foucaults og lítur svo á að með ólíkri nálgun bæti þeir hvor annan upp sem fyrirmyndir fyrir aðgerðasinna og gagnrýna félagsvísindamenn. Í kafla Giorgios Baruchello er svo sýnt fram á ósamræmið á milli þess sem áhrifamenn í viðskiptum og fjármálum segja gjarna opinberlega um stefnu sína og þess sem þeir gera í raun og veru. Þetta er gert í ljósi gagnrýni Chomskys og McMurtrys á frjálsbyggjuna og því haldið fram að það óhefta viðskiptafrelsi sem leiddi til hrunsins árið 2008 eigi lítið skylt við þær hugmyndir sem Adam Smith setti fram á sínum tíma um hinn frjálsa markað.

Chomsky lítur svo á að ráðgátur Platóns og Orwells séu ólíkar í eðli sínu. Ráðgáta Platóns er vísindalegt viðfangsefni: ‘Viðfangsefnið er að uppgötva fræðilegar skýringar, oft duldar og óhlutstæðar, á fyrirbærum sem virðast á yfirborðinu vera ruglingsleg, sjálfum sér ósamkvæm og óskipuleg’ (Chomsky 1986:xxviii). Þetta er ‘djúpt og fræðilega spennandi’ viðfangsefni (Chomsky 1986:xxix) sem reynir á þolmörk andlegrar getu. Chomsky hefur iðulega látið í ljós efasemdir um að mannhugurinn ráði við að setja fram marktækar fræðikenningar um slík viðfangsefni, t.d. á þessa leið (t.d. 1995:10, þýð. HP):

Vísindalegar rannsóknir á umhverfi okkar og eðli eru sérstakt viðfangsefni sem kallar á ákveðna tegund skilnings. Slíkan skilning getur maðurinn öðlast á nokkrum sviðum þegar hægt er að einfalda úrlausnarefnin nægilega mikið. Á meðan höldum við áfram að lifa lífinu og glíma eftir bestu getu við viðfangsefni sem eru ákaflega margbrotin og alltof flókin í eðli sínu til þess að við höfum nokkra von um að uppgötva einhver dýpri lögmál til að skýra þau, ef slík lögmál eru yfirleitt til.

Chomsky hefur veika von um að hægt sé að þróa vísindalega kenningu um tengsl forms og merkingar í mannlegu máli, þ.e. þá í gegnum rannsóknir á setningafræðinni, en segir þó (Chomsky 1995:23, þýð. HP):

Ýmsar mikilvægar spurningar eru samt handan þess sem við höfum náð tökum á. Hvaða atriði eru til dæmis hluti af málsviðinu (e. *language faculty*) sérstaklega fremur en öðrum sviðum hugans sem málsviðið tengist? Hvernig tengist orðaforðinn til dæmis skoðunum okkar og viðhorfum (e. *belief systems*)? Spurningar af þessu tagi tengjast því hvað það er sem fólk veit eða kann, ekki því hvað það gerir. Þótt við hefðum svör við þessum spurningum ættum við samt langt í land með að skilja hvernig þessi þekkingarkerfi eru notuð. Það er erfitt að finna mikið í öllum þessum aragrúa viðfangsefna sem hægt er að segja að við getum rannsakað á vísindalegan hátt.

Þessar efasemdir um það hvað hægt sé að rannsaka á raunhæfan hátt liggja að baki tvíbentri afstöðu Chomskys til merkingarfræði og því að hann skuli hafna aðferðum hugrænna málvísinda (e. *cognitive linguistics*, sjá kafla Matthews Whelpton og kafla Þórhalls Eypórssonar).

Ráðgáta Orwells er augljóslega ekki meðal þess sem hægt er að rannsaka á vísindalegan hátt, að mati Chomskys. En það dregur ekki úr mikilvægi hennar. Chomsky lýkur formála sínum að *Knowledge of Language* á þessa leið (1986:xxix, þýð. HP):

Ráðgáta Platóns er djúpt og fræðilega spennandi viðfangsefni. Ráðgáta Orwells er það hins vegar miklu síður, sýnist mér. En ef við getum ekki áttað okkur á ráðgátu Orwells og gert okkur grein fyrir mikilvægi hennar í félagslegu og menningarlegu lífi

okkar, og fundið lausn á henni, eru ekki miklar líkur til þess að mannkynið lifi nægilega lengi til þess að við getum fundið svör við ráðgátu Platóns né nokkrum öðrum viðfangsefnum sem eru ögrandi fyrir skynsemi og ímyndunarafl.

Ráðgáta Platóns er því kannski sú sem ögrar og örvar huga hins hugsandi vísindamanns og heimspekings en ráðgáta Orwells snýst um það að lifa af.

Það er erfitt að hugsa sér betri heiðursgest fyrir Hugvísindasvið Háskóla Íslands á aldarafmæli skólans en manninn sem hefur stöðugt dregið í efa það sem við höfum litið á sem viðtekin sannindi og hvatt okkur til að beita gagnrýnni hugsun á þau viðfangsefni sem blasa við, hvort sem þau eru fræðileg eða pólitísk.

HEIMILDIR

- Chomsky, Noam. 1959. Ritdómur um *Verbal Behavior* eftir B. F. Skinner. *Language* 35:26–58.
- Chomsky, Noam. 1986. *Knowledge of Language. Its Nature, Origin, and Use*. Praeger, New York.
- Chomsky, Noam. 1989. *Necessary Illusions. Thought Control in Democratic Societies*. South End Press, Boston, MA.
- Chomsky, Noam. 1995. Language and nature. *Mind* 104:1–61.
- Chomsky, Noam, og David Barsamian. 1993. *The Prosperous Few and the Restless Many*. Odonian Press, Berkeley CA.
- Herman, Edward S., og Noam Chomsky. 1988. *Manufacturing Consent. The Political Economy of the Mass Media*. Pantheon, New York.

Matthew Whelpton
Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda
Hugvísindasviði
Háskóla Íslands
wbelpton@hi.is

Höskuldur Þráinsson
Íslensku- og menningardeild
Hugvísindasviði
Háskóla Íslands
boski@hi.is

Introduction

Few figures rise above the intellectual landscape of the post-war 20th century as prominently as the American linguist and philosopher Noam Chomsky. The Arts and Humanities Citation Index listed Chomsky as the most cited scholar 1980–1992 and he remains an unavoidable reference point not just in linguistics, philosophy of mind and cognitive psychology but also in political science, due to his long-standing critique of American foreign policy and his merciless dissection of its motives. It is this combination of theoretical work on linguistics as a cognitive science and robust political activism which makes Chomsky's output so fascinating – and so puzzling. Those who encounter Chomsky's work in one sphere can be astonished by his work in the other, in terms of both content and method – abstract formal modelling in linguistics versus detailed documentary criticism in politics – as Sigrún Júlíusdóttir admits in her chapter in this volume, having first encountered Chomsky's work as a political activist.

This volume reflects these two major areas of influence, the first section dealing with Chomsky's work in linguistics as a cognitive science and the second with his political writings. The volume grows out of a seminar on Chomsky's work held at the University of Iceland in 2011 during its centenary celebrations, when Professor Chomsky was the guest of honour of the School of Humanities and held both a seminar lecture on linguistics (Chapter 1 in this volume) and a public lecture on international politics (Chapter 13 in this volume).

Within linguistics, Chomsky overturned the dominant school of American linguistics of the 1950s, founded on the assumptions of behaviourism, structuralism and empiricism, with his devastating critique of Skinner's *Verbal Behavior* (Chomsky 1959) and established a new paradigm which revived the discredited school of rationalism, directing attention again to man's inner life and the organisation of his mental faculties, using scientific methods of formalisation and theory construction more characteristic of the post-Einstein era (see Chomsky in this volume, Chapter 1). This revolution in linguistics (see Höskuldur Þráinsson in this volume) also fuelled a revolution in psychology, again moving from the dominant paradigm of

behaviourism to a new emphasis on cognition (see Jörgen Pind and Árni Kristjánsson in this volume).

Where Chomsky's linguistic analysis seeks to expose deep principles of mental organisation that underlie the human propensity of language, his political writing aims "to illustrate what should be fairly obvious to a rational observer even on superficial inspection", namely "that power and privilege function much as any rational mind would expect" (Chomsky 1986:xxviii). Whether it be the Vietnam War, the U.S. engagement in Latin America, the U.S. response to the invasion of East Timor or the Iraq War, Chomsky has documented U.S. actions abroad and the stated aims of U.S. policy makers and exposed how completely out of keeping these actions are with the widely promoted national narrative concerning those motives and actions. He has sought to explain how the citizens of a democratic country could remain so completely ignorant of facts which are a matter of public record: "the general population doesn't know what's happening, and it doesn't even know that it doesn't know" (Chomsky and Barsamian 1993:4). His model for propaganda in a democratic society (Chomsky 1989, Herman and Chomsky 1988) is explored by María Kristjánsdóttir in this volume.

In one of the most elegant summaries of his intellectual preoccupations, the Preface to *Knowledge of Language*, Chomsky characterises these two strands in his work in terms of two problems which he dubs **Plato's Problem** and **Orwell's Problem**. Plato's Problem "is the problem of explaining how we can know so much given that we have such limited evidence" (Chomsky 1986:xxv): we see a richly coloured world in three dimensions but that perception is not given pre-packaged by the environment but rather is a result of the way that the human brain processes information from the senses and constructs a particular (human) perception of it (see Árni Kristjánsson in this volume); similarly, human children acquire with extraordinary rapidity a complex structured system of communication for which the evidence is fragmentary, episodic and often unreliable (see Sigríður Sigurjónsdóttir in this volume). Chomsky's conclusion is that humans come genetically prepared for processing experiences of certain kinds in a particular way: this is the premise of rationalism, that humans are innately endowed with mental faculties that allow them to apprehend their environment in a particular way; they are not merely blank slates who must be conditioned into a particular set of responses by environmental stimuli.

The assumption that language is an aspect of individual psychology which develops much like a biological organ under genetic constraints moves linguistics from the domain of cultural theory into the domain of the natural

sciences. This move is criticised in this volume by Kristján Árnason, who argues in favour of Halliday's Systemic Functional Grammar, which characterises language as a social semiotic system, a collective cultural resource upon which an individual may draw. This emphasis on individual psychology – and I-language as opposed to E-language in later work (see Höskuldur Þráinsson in this volume) – also has implications for the proper sources of evidence that one can use to develop scientific theories of linguistic organisation. In particular, Chomsky has been consistently sceptical of the value of text corpora in the analysis of language; Eiríkur Rögnvaldsson explores this scepticism and shows how contemporary linguists in the Chomskian tradition have reclaimed the text corpus as a useful tool for formal analysis.

The claim that language is a genetically constrained biological organ (the innateness hypothesis) implies a sharp distinction between humans and other animals, including primates, in terms of the natural propensity for language, an assumption challenged by Gísli Pálsson in this volume. It also raises the question of whether first (native) languages and second languages are acquired in the same way: does innate knowledge support second language acquisition or is it limited to a particular period of biological development? Birna Arnbjörnsdóttir reviews the influence of Chomsky's work on the study of second language acquisition.

The innateness hypothesis also has important implications for the study of universals in human language: if humans as a species come pre-prepared to learn languages in a particular way, then one would expect to find universal properties in human linguistic systems; common sense is however struck by the diversity of forms that human languages take. Þórhallur Eyþórsson and Jóhannes Gísli Jónsson discuss the implications for universals and linguistic typology in Chomsky's work.

Orwell's Problem is the converse of Plato's Problem: It "is the problem of explaining how we can know so little, given that we have so much evidence" (Chomsky 1986:xxv), in particular, given the wide range of public documentation available in democracies, not to mention a democratic citizens' awareness of their own financial and social interests, how is it possible for the powerful and the privileged in democratic societies "to instill beliefs that are firmly held and widely accepted although they are completely without foundation and often plainly at variance with obvious facts about the world around us" (Chomsky 1986:xxvii) and which serve the elite and not the ordinary citizen. Guðni Elisson explores Chomsky's response to Orwell's Problem, setting it in the context of his critique of postmodernist intellectuals and identifying Chomsky's own view of the role of the public

intellectual. Similarly, Sigrún Júlíusdóttir compares the political writings of Chomsky and Foucault but sees the work of these two opposing figures as complementary in their importance for political activists and social scientists. Giorgio Baruchello offers a case study in the tension between the publically supported narrative of the business elite and its actual practice by considering Chomsky's and McMurtry's critique of free-market capitalism, arguing that the free-market ideology that led to the 2008 economic crisis has little to do with the free-market capitalism of Adam Smith.

Chomsky sees Plato's and Orwell's Problems as problems of fundamentally different types. Plato's Problem is a scientific problem: "The problem is to discover explanatory principles, often hidden and abstract, to make some sense of phenomena that seem on the surface chaotic, discordant, lacking any meaningful pattern" (Chomsky 1986:xxviii). It is a "deep and intellectually exciting" (1986:xxix) problem that challenges the limits of the human scientific capacity. Chomsky (1995:10) has consistently expressed a qualified scepticism concerning the degree to which the human mind is capable of formulating meaningful scientific theories on such topics.

Naturalistic inquiry is a particular human enterprise that seeks a special kind of understanding, attainable for humans in some few domains when problems can be simplified enough. Meanwhile, we live our lives, facing as best we can problems of radically different kinds, far too rich in character for us to hope to be able to discern explanatory principles of any depth, if these even exist.

He remains cautiously optimistic concerning the prospects for developing a meaningful scientific theory of the relation between form and meaning in natural language, i.e. the study of syntax, but (Chomsky 1995:23):

Important and obscure questions still lie beyond: in what respects, for example, do these properties belong to the language faculty as distinct from other faculties of mind to which it is linked? How do lexical resources relate to belief systems, for example? Such questions remain within the domain of what people know, not what they do. Answers to them would still leave us far short of understanding how the resources of the cognitive systems are put to use. From this welter of issues it is hard to see how to extricate very much that might be subjected to naturalistic inquiry.

This scepticism underlies his ambivalent attitude to semantics and his rejection of the school of cognitive linguistics (see Matthew Whelpton and Þórhallur Eypórssón in this volume).

Orwell's Problem is clearly not included in the domain for which naturalistic, i.e. scientific, enquiry is possible in Chomsky's view. However, that does not make it any the less compelling or essential. Chomsky (1986:xxix) concludes his Preface to *Knowledge of Language* with the words:

Plato's problem is deep and intellectually exciting; Orwell's problem, in contrast, seems to me much less so. But unless we can come to understand Orwell's problem and to recognize its significance to our own social and cultural life, and to overcome it, the chances are slim that the human species will survive long enough to discover the answer to Plato's problem or others that challenge the intellect and the imagination.

Plato's Problem may be the one that challenges and excites the enquiring mind of the scientist and philosopher but Orwell's Problem is a question of survival.

For the centenary celebrations of the University of Iceland, there could be no more appropriate guest of honour for the School of Humanities than a man who has relentlessly challenged established platitudes and urged the application of our shared critical facilities to the problems that confront us, both scientific and political.

REFERENCES

- Chomsky, Noam. 1959. Review of *Verbal Behavior* by B. F. Skinner. *Language* 35:26–58.
- Chomsky, Noam. 1986. *Knowledge of Language. Its Nature, Origin, and Use*. Praeger, New York.
- Chomsky, Noam. 1989. *Necessary Illusions. Thought Control in Democratic Societies*. South End Press, Boston, MA.
- Chomsky, Noam. 1995. Language and nature. *Mind* 104:1–61.
- Chomsky, Noam, and David Barsamian. 1993. *The Prosperous Few and the Restless Many*. Odonian Press, Berkeley CA.
- Herman, Edward S., and Noam Chomsky. 1988. *Manufacturing Consent. The Political Economy of the Mass Media*. Pantheon, New York.

Matthew Whelpton
Faculty of Foreign Languages, Literature and Linguistics
School of Humanities
University of Iceland
whelpton@hi.is

Höskuldur Þráinsson
Faculty of Icelandic and Comparative Cultural Studies
School of Humanities
University of Iceland
hoski@hi.is



Fræðilegur ritstjóri: *Ólafur Páll Jónsson*
Ritrynum bókarinnar er þakkað þeirra framlag

Chomsky - Mál, sál og samfélag

Ritstjórar: *Höskuldur Þráinsson* og *Matthew Whelpton*

© Höfundar

Umbrot og kápuhönnun: *Helgi Hilmarsson*

Prentun: *Litlaprent ehf.*

Leturgerð meginmáls er GaramondIS 10,2 pt á 13,4 pt. fæti

Printed in Iceland

Háskólaútgáfan

haskolautgafan.hi.is/bu@bi.is

2013

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

U201335

ISBN: 978-9935-23-016-4

Efnisyfirlit

Höfundar efnis.....	7
Ástráður Eysteinnsson: Formáli.....	9
Matthew Whelpton og Höskuldur Þráinsson: Inngangur	11
Introduction.....	17

FYRRI HLUTI: MAÐUR, MÁL OG SÁL

1. Noam Chomsky: The ‘Generative Enterprise’: Its Origins, Goals, and Prospects.....	27
2. Höskuldur Þráinsson: Málfræðibylting Chomskys.....	47
3. Jörgen L. Pind: Chomsky og hugfræðibyltingin.....	71
4. Árni Kristjánsson: Meðfædd hugartæki: Noam Chomsky og nútímakenningar um sjónskynjun.....	87
5. Sigríður Sigurjónsdóttir: Máltaka barna og meðfæddur málhæfileiki.....	107
6. Gísli Pálsson: Örkin hans Nóa: Nim Chimpsky og við hin.....	129
7. Þórhallur Eypórsson: Málmyndun, málkunnátta og algildismálfræði.....	149
8. Matthew Whelpton: Chomsky: Hostile to Semantics?	173
9. Eiríkur Rögnvaldsson: Chomsky og gagnamálfræði	197
10. Birna Arnbjörnsdóttir: Chomsky og kenningar um tileinkun annars máls og erlendra mála.....	207
11. Kristján Árnason: Chomsky og/eða Halliday.....	227
12. Jóhannes Gísli Jónsson: Er eitthvert vit í algildismálfræðinni?	247

